

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Björgunarsveitin Sæbjörg, kt. 470290-2509, Eyrarodda, Flateyri, gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

Ísafjarðarbær afsalar Björgunarsveitinni Sæbjörgu eignarhlut sínum í fasteigninni Túngata 7, fnr. 212-6568, á Flateyri, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber.

2. gr.

Björgunarsveitin Sæbjörg tekur að sér að hýsa endurgjaldslaust eina slökkvibifreið og annan búnað, s.s. slöngukerru og eldgalla, sem er í eigu Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, á öruggan hátt, innandyra. Skal hýsingarstaður uppfylla kröfur um viðunandi hýsingu, s.s. varðandi öryggi, hita og umgengni.

Skal hýsingarstaður samþykktur af slökkviliðsstjóra, sem skal jafnframt vera tengiliður Ísafjarðarbæjar við tengilið Björgunarsveitarinnar Sæbjörgu, starfandi formann á hverjum tíma.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar, eða fulltrúar hans, skulu hafa aðgang að hýsingarstað, s.s. með aðgangskóða eða lyklum, í þeim tilgangi að huga að eða nota eignir Ísafjarðarbæjar.

3 gr.

Verði tjón á eignum Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, sem rekja má til ófullnægjandi hýsingar skal Björgunarsveitin Sæbjörg bera kostnað við endurnýjun og/eða viðgerðir þeirra tækja og búnaðar sem urðu fyrir skemmdum.

4. gr.

Gildistími samnings þessa eru 10 ár, þ.e.a.s. frá 2020-2030. Samningurinn er óuppsegjanlegur.

5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.



F. h. Ísafjarðarbæjar

Ísafirði, 27. maí 2020



F. h. Björgunarsveitarinnar Sæbjargar

Vottar að rétti dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:

Imne Ólafsdóttir 100286 2899

Nafn og kt.

Bryndís Ó. Jónsdóttir
Nafn og kt. 271283-2539

KAUPSAMNINGUR OG AFSAL

1. gr.

Undirritaðir aðilar, Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, hér eftir nefndur seljandi, selur hér með og afsalar Björgunarsveitinni Sæbjörgu, kt. 470290-2509, hér eftir nefnd kaupandi, neðangreindri fasteign.

2. gr.

Hið afsalaða er 100% eignarhlutur í fasteigninni Túngata 7, fnr. 212-6568, á Flateyri, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber. Í heild er um að ræða 97,2 m² hús, byggt 1961, skráð slökkvistöð.

3. gr.

Umsamið kaupverð fyrir eignina er samtals kr. 0,- núllkróna.

4. gr.

Afhending fasteignarinnar fer fram við undirritun kaupsamnings. Aðilar gera upp allar greiðslur vegna áhvílandi gjalda.

5. gr.

Kaupandi þekkir vel til eignarinnar og sættir sig við ástand hennar, enda hefur eignin verið nýtt sameiginlega með seljanda og kaupanda um langt skeið.

6. gr.

Eignin er sold án kvaða og veðbanda.

Kaupandi greiðir öll gjöld vegna afsals þessa, þ.m.t. stimpil- og þinglýsingagjöld.

Um afsal þetta og réttarsamband aðila gilda lög nr. 40/2002, um fasteignakaup. Rísi mál út af afsali þessu skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

7. gr.

Samkvæmt framansögðu lýsir Ísafjarðarbær því hér með yfir að Björgunarsveitin Sæbjörg er réttur og löggjur eigandi að hinu afsalaða og öllu sem því fylgir.

Afsal þetta er gert í þremur samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn aðila og eitt á löggildan skjalapappír til þinglýsingar á afsali þessu.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir afsal þetta með eigin hendi og í votta viðurvist.


F.h. Ísafjarðarþjóðarstjóri
(seljandi)


27/5 2020



F.h. Björgunarsveitarinnar Sæbjargar

(kaupandi)

Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:


Nafn og kt.


Nafn og kt.
771283-2339